

Fimmtudaginn 23. júní 1966.

Nr. 57/1966. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Sigurjóni Sigurðssyni

(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Brot gegn 1. mgr. 113. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæra um brot gegn ákvæðum um lokunartíma sölubúða.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

A.

Dómendur eru allir sammála um það, sem segir undir I.

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 17/1936 er bæjarstjórnunum og hreppsnefndum rétt að gera samþykktir um lokunartíma sölubúða. Ber slíkar samþykktir samkvæmt 3. gr. laganna undir félagsmálaráðuneytið til staðfestingar. Samþykkt skal halda gildi sínu í 10 ár, nema breytt sé eða afnumin áður, en endurnýja má hana á sama hátt, sem hún var sett á, jafnlangan tíma. Slíkar samþykktir skal birta í B-deild Stjórnartíðinda. Á þeim tíma, er atburðir máls þessa gerðust, var í gildi samþykkt nr. 240/1963 um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl. með breytingum samkvæmt auglýsingu nr. 15/1964 og samþykkt nr. 151/1964. Samkvæmt 3. gr. samþykktar nr. 240/1963 er borgarráði rétt að veita tilteknum verzlunum heimild til að hafa opna sölubúð frá kr. 1800 til kl. 2200 alla daga, nema tilgreinda helgidaga og hátíðis. Þá er svo mælt í ákvæði til bráðabirgða í samþykkt nr. 151 28. júlí 1964, að borgarráði sé rétt að veita verzlunum, sem hafa til sölu sæmilegt úrval helztu nauðsynjavara, að hafa opið með þeim hætti, sem um ræðir í 1. mgr. 3. gr., að fengnum meðmælum lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar. Rétt er borgarráði að taka árlegt gjald samkvæmt 11. gr. samþykktar nr. 240/1963, kr. 10.000.00, sem greiðist fyrir-

fram fyrir hálft ár í senn fyrir leyfi, sem veitt er samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu í samþykkt nr. 151/1964.

Samkvæmt bréfi borgarlögmans 11. maí 1966 hafði ákærði kvöldsöluleyfi samkvæmt heimild í a-lið 1. gr. auglýsingar nr. 90/1957. Auglýsing þessi var felld úr gildi með 13. gr. samþykktar nr. 240/1963. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðum samþykktar nr. 240/1963 héldu kvöldsöluleyfi, sem í gildi voru við gildistöku samþykktarinnar, gildi sínu til og með 31. janúar 1964, og með auglýsingu nr. 15/1964 var gildi þessara leyfa framlengt til 1. apríl 1964. Samkvæmt ályktun borgarráðs 17. ágúst 1964 og samþykkt borgarstjórnar 3. september 1964 ritaði borgarstjórinn í Reykjavík verzlun ákærða, Örnólfi, bréf hinn 4. september 1964, þar sem Verzluninni Örnólfi, Njálsgötu 86, var veitt heimild til „sölustarfsemi skv. bráðabirgðaákvæðum samþykktar um afgreiðslutíma verzlana o. fl. með þeim skilyrðum, sem heilbrigðisnefnd og lögreglustjóri setja. Leyfisgjaldið er kr. 10.000.00 á ári og greiðist hálfárslega fyrirfram. Ber að greiða nú þegar það, sem áfallið er af gjaldinu fyrir þetta ár“. Eigi er ágreiningur um, að með bréfi þessu var ákærða veitt heimild til kvöldsölu samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktar nr. 240/1963 og ákvæði til bráðabirgða í samþykkt nr. 151/1964 um breytingu á fyrrnefndri samþykkt. Eigi er því haldið fram í málinu, að ákærði hafi vanrækt skilyrði, sem rétt yfirvöld hafa sett honum um framkvæmd kvöldsölunnar. Samkvæmt kvittun, er fyrir liggur í málinu, greiddi Verzlunin Örnólfur 25. janúar 1965 „borgarsjóði Reykjavíkur: Kvöldsöluleyfi 1/3 '65—28/2 '66 kr. 10.000.00“. Þar sem borgaryfirvöld Reykjavíkur hugðust koma nýrri skipun á kvöldsölumál Reykjavíkur, ritaði borgarstjórinn í Reykjavík Verzluninni Örnólfi hinn 21. maí 1965 svohljóðandi bréf: „Samkvæmt ályktun borgarstjórnarinnar 6. maí s.l. afturkallast hér með bráðabirgðaleyfi, sem yður var veitt til kvöldverzlunar að Snorrabraut 48 frá og með 1. júlí n.k. Ofgreitt leyfisgjald verður yður endurgreitt“. Ákærði andmælti uppsögninni í bréfi 4. júní 1965. Benti hann á, að Verzlunin Örnólfur hefði eigi fengið kvöldsölu-

leyfi á Snorrabraut 48. Hins vegar kvaðst hann hafa greitt fyrir kvöldsöluleyfi á Njálsgötu 86 til 28. febrúar 1966 og væri allur rekstur fyrirtækisins miðaður við keyptan rétt til þess tíma. Hinn 5. júlí 1965 ritaði borgarstjóri Verzluninni Örnólfi af nýju og afturkallaði „bráðabirgðaleyfi“ hennar til kvöldsölu að Njálsgötu 86 frá og með 5. júlí 1965. Ofgreitt leyfisgjald kvað hann mundu verða endurgreitt. Endurgreiðsla á kvöldsöluleyfisgjaldinu fyrir tímabilið 1/3 '65 til 28/2 '66 hefur eigi fram farið.

Með ályktun borgarráðs 17. ágúst 1964, staðfestingu borgarstjórnar 3. september 1964 og bréfi borgarstjóra 4. september 1964 var ákærða, sem rekur Verzlunina Örnólf, veitt kvöldsöluleyfi á Njálsgötu 86 samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktar nr. 240/1963 og ákvæði til bráðabirgða í samþykkt nr. 151/1964, án þess að greint væri tímamark leyfisins. Ákærði bauð fram hinn 25. janúar 1965 í grandleysi, að því er ætla verður, leyfisgjald fyrir tímabilið frá 1. marz 1965 til 28. febrúar 1966. Var gjaldinu veitt viðtaka af hendi Reykjavíkurborgar skilorðslaut og réttur ákærða til kvöldsölu um nefnt tímabil síðan eigi vefengdur fyrr en á borgarstjórnarfundi 6. maí 1965. Afturköllun á kvöldsöluleyfinu var eigi send ákærða fyrr en 21. maí 1965. Að svo vöxnu máli verður að telja, að ákærði hafi mátt treysta því, að hann hafi öðlzt kvöldsöluleyfi til 1. marz 1966. Varð hann því eigi sviptur leyfinu með þeim hætti, sem reyndur hefur verið, enda ekkert fram komið um, að hann hafi misfarið með leyfið. Hann hefur því eigi brotið gegn 2. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr., sbr. 12. gr. samþykktar nr. 240/1963 og lög nr. 17/1936, með kvöldsölu á þeim tíma, er í máli þessu greinir.

B.

Hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson eru sam-mála um það, sem segir í II. og III. kafla og svo um eftirfarandi dómsorð.

II.

Innsigli það, er ákærði rauf, hafði verið sett fyrir sölu-

búð ákærða að tilhlutan yfirvalds, sem til þess var bært. Ákærða var skylt, eins og á stóð, að hlíta innsiglun í bráð, en leita mátti hann úrlausnar dómara um ágreiningsefni, sbr. m. a. 73. gr. laga nr. 82/1961. Ber því að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að nefnt hátterni ákærða varði við 1. mgr. 113 gr. laga nr. 19/1940. En samkvæmt málavöxtum og 1. málslíð 75. gr. sömu laga þykir mega ákveða, að refsing ákærða falli siður.

III.

Eftir úrslitum málsins er rétt, sbr. 2. mgr. 141. gr. laga nr. 82/1961, að ákærði greiði í ríkissjóð saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 3.000.00, en annar málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist að $\frac{1}{5}$ hluta af ákærða og að $\frac{4}{5}$ hlutum úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Refsing ákærða, Sigurjóns Sigurðssonar, fellur niður.

Ákærði greiði í ríkissjóð saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 3.000.00. Annar kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist af ákærða að $\frac{1}{5}$ hluta og úr ríkissjóði að $\frac{4}{5}$ hlutum, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Ákærði hafði samkvæmt því, er segir í I að framan, gilt kvöldsöluleyfi, sem hann hafði greitt fyrir, þá er lögreglumenn lokuðu sölubúð hans hinn 16. nóvember og 15. desember 1965 og innsigluðu. Hafði lokun og innsiglun lögreglumanna hvorki stóð í lögum formlega né efnislega. Var ákærða heimil nauðvörn gegn lokuninni, og var því samkvæmt sjónarmiðum lögraka og réttlætis rétt að fara aftur inn í sölubúðina og opna hana þrátt fyrir innsiglislokun-

ina. Þar sem þannig stóð á, eru eigi skilyrði til að beita ákvæðum 113. gr. laga nr. 19/1940 gegn ákærða.

Samkvæmt þessu og því, sem rakið er í I, ber að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu og dæma allan sakarkostnað á hendur ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða í Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurjón Sigurðsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða í Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. apríl 1966.

Ár 1966, þriðjudaginn 5. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartún 7 af Ármanni Kristinsyni sakadómsmára, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 219/1966: Ákæruvaldið gegn Sigurjóni Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 21. f. m.

Málið er höfðað á hendur ákærða með ákæruskjali, dagsettu 22. nóvember 1965. Ákæran hljóðar svo:

„SAKSÓKNARI RÍKISINS

gjörir kunnugt: Að höfða ber opinbert mál á hendur Sigurjóni Sigurðssyni, kaupmanni í verzluninni Örnólfi, Njálsgötu 86 og Snorrabraut 48, til heimilis að Bólstaðarhlíð 68 í Reykjavík og fæddum þar í borg 18. nóvember 1916, fyrir að hafa frá því í byrjun nóvember 1965 haft daglegan afgreiðslutíma mánu-daga — fimmtudaga, laugardaga og sunnudaga í verzluninni Örnólfi á horni Njálsgötu og Snorrabrautar til kl. 2100, þriðjudaginn 9. nóvember, miðvikudaginn 10. nóvember og fimmtudaginn 11. nóvember, opnað verzlunina aftur til almennrar sölustarfsemi milli kl. 1800 og 2100, eftir að lögreglumenn höfðu lokað verzluninni, og fyrir að hafa þriðjudaginn 16. nóvember rofið innsigli af báðum dyrum verzlunarinnar, skömmu eftir að lögreglumenn höfðu lokað verzluninni og innsiglað báðar verzlunardyrnar kl. 1930, og haldið áfram almennri sölustarfsemi til kl. 2100.

Brot ákærða þykja varða við 1. mgr. 113. gr. almennra heg-

ingarlaga nr. 19, 1940 og 2. gr. sbr. 1. mgr. 1. gr. sbr. 12. gr. samþykktar um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl. nr. 240, 1963, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 15, 1964, sbr. lög um samþykktir um lokunartíma sölubúða nr. 17, 1936.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Einnig er málið höfðað með framhaldsákæru, dagsettri 27. desember 1965, svohljóðandi:

„SAKSÓKNARI RÍKISINS

gjörir kunnugt: Samkvæmt heimild í 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82, 1961 og með vísan til ákæru, útgefinnar 22. nóvember s.l., í máli ákæruvaldsins gegn Sigurjóni Sigurðssyni, kaupmanni í verzluninni Örnólfi, Njálsgötu 86 og Snorrabraut 48, til heimilis að Bólstaðarhlíð 68 í Reykjavík, fæddum þar í borg 18. nóvember 1916, framhaldsákærist ákærði í máli þessu fyrir að hafa mánudagskvöldið 6. desember, þriðjudagskvöldið 7. desember og miðvikudagskvöldið 15. desember 1965 haft framangreinda verzlun opna til almennrar sölustarfsemi eftir kl. 1800 og þangað til lögreglumenn lokuðu verzluninni og innsigliðu verzlunardyrnar um kl. 1920 þann 6. desember, um kl. 2030 þann 7. desember og um kl. 2125 þann 15. desember og fyrir að hafa það kvöld rofið innsigli af dyrum verzlunarinnar, skömmu eftir að lögreglumenn höfðu lokað verzluninni með innsigli og þá haldið áfram sölustarfsemi, þangað til lögreglumennirnir innsigliðu dyr verzlunarinnar á ný um kl. 2135.

Brot ákærða þykja varða við 1. mgr. 113. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og 2. gr. sbr. 1. mgr. 1. gr. sbr. 12. gr. samþykktar um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl. nr. 240, 1963, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 15, 1964, sbr. lög um samþykktir um lokunartíma sölubúða nr. 17, 1936.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði er fæddur 18. nóvember 1916 í Reykjavík. Á saka-vottorði hans er ekkert, sem áhrif gæti haft á refsimat í máli þessu.

Málsatvik eru eftirfarandi:

I.

Með ákæru, dagsettri 22. nóvember 1965, er ákærði sakaður um að hafa frá því í byrjun nóvember 1965 haft daglegan afgreiðslutíma mánudaga—fimmtudaga, laugardaga og sunnudaga

í Verzluninni Örnólfi á horni Njálsgötu og Snorrabrautar hér í borg til klukkan 2100. Með framhaldsákæru, dagsettri 27. desember 1965, er hann ákærður fyrir að hafa mánudagskvöldið 6. desember, þriðjudagskvöldið 7. desember og miðvikudagskvöldið 15. desember 1965 haft framangreinda verzlun opna til almennrar sölustarfsemi eftir klukkan 1800 og þar til um klukkan 1920 þann 6. desember, um klukkan 2030 þann 7. desember og um klukkan 2125 þann 15. desember sem og fyrir verzlun síðasttalinn dag frá klukkan um 2125 til klukkan um 2135.

Ákærði hefur fyrir dómi sagt rétt vera, að Verzlunin Örnólfur á horni Njálsgötu og Snorrabrautar hafi almennt verið opin viðskiptamönnum til venjulegrar smávöruverzlunar mánu — fimmtudaga og laugar — sunnudaga s. l. nóvembermánuð til kl. 2100 sem og á þeim dögum og tíma, sem í framhaldsákæru greinir. Framburður ákærða er í samræmi við margar lögregluskýrslur, sem fram hafa verið lagðar í málinu, og vætti þrettán lögreglumanna, sem komið hafa fyrir dóm og borið um málsatvik. Eru framburðir lögreglumanna á einn veg, staðfesta efnislega réttmæti þessara ákæruatriða, og þykir því ekki nauðsyn bera til að rekja vætti hvers um sig.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann væri einn af eigendum Verzlunarinnar Örnólfs, en verzlunin væri sameignarfélag. Sagðist ákærði stjórna daglegum rekstri verzlunarinnar og bera ábyrgð á því, að verzlunin hafi verið opin eftir klukkan 1800, þegar slíkt hefur átt sér stað. Ákærði kvaðst hafa haft leyfi til kvöldverzlunar frá árinu 1960 eða 1961 og jafnan greitt fyrir það tilskilin leyfisgjöld til borgarsjóðs. Sagðist ákærði hafa búizt við, að kvöldsöluleyfi hans héldist til frambúðar, á meðan hann fullnægði settum skilyrðum og greiddi ákvörðuð leyfisgjöld, enda hefði hann miðað verzlunarreksturinn, svo sem varðandi starfsmannahald og innréttingu verzlunarinnar, við keyptan rétt sinn. Ekki taldi ákærði sig hafa rofið skilyrði fyrir kvöldsöluleyfi, enda aldrei verið sakaður um slíkt.

Á fundi borgarráðs Reykjavíkur mánudaginn 17. ágúst 1964 var „... Samþ. að veita eftirtöldum aðilum leyfi til sölustarfsemi, skv. bráðabirgðaákvæðum samþykktar um afgreiðslutíma verzlana o. fl.: Verzluninni Örnólfi, Njálsgötu 86 ...“ Fengu alls 11 verzlanir slík leyfi á þessum fundi borgarráðs. Hinn 3. september sama ár var samþykkt borgarráðs staðfest af borgarstjórn með 11 atkvæðum gegn 4. Óskaði einn borgarfulltrúanna, Sigurður Magnússon, bókað í því sambandi: „Ég tel það

mjög óæskilegt hlutskipti borgarstjórnar að eiga þátt í aðgerðum, sem til þess eru fallnar að skapa misrétti milli fyrirtækja og geta beinlínis leitt til þess, að samningsaðilar að kjarasamningi telji, að um samningsbrot sé að ræða.“ Verzluninni Örnólfi var með bréfi næsta dag tilkynnt eftirfarandi: „Borgarstjórn hefur á fundi sínum í gær heimilað verzluninni Örnólfi, Njálsgötu 86, sölustarfsemi skv. bráðabirgðaákvæðum samþykktar um afgreiðslutíma verzlana o. fl. með þeim skilyrðum, sem heilbrigðisnefnd og lögreglustjóri setja. Leyfisgjaldið er kr. 10.000.00 á ári og greiðist hálfárslega fyrir fram. Ber að greiða nú þegar það, sem áfallið er af gjaldinu fyrir þetta ár“. Bréfið undirritar borgarritari, Gunnlaugur Pétursson.

Á fundi borgarráðs hinn 6. maí 1965 er eftirfarandi bókað: „... Lagt fram að nýju bréf Kaupmannasamtaka Íslands og Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis, dags. 30. marz s.l., með tillögum um kvöldþjónustu verzlana í Reykjavík; enn fremur lagt fram bréf Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, dags. 14. f. m., þar sem mælt er með tillögunum. Borgarráð samþykkir tillögurnar með 4 samhlj. atkv. Kristján Benediktsson greiðir ekki atkvæði, þar sem hann telur óráðlegt að afturkalla bráðabirgðaleyfi, meðan sú tilhögun, sem ráðgerð er, hefur ekki fengið fastara form. Guðm. Vigfússon bar fram þá tillögu, að bráðabirgðaleyfi þau, sem veitt hafa verið 14 aðilum (17 verzlunum), skv. bráðabirgðaákvæðum í samþ., dags. 28. júlí 1964, yrðu afturkölluð þegar í stað. Sú tillaga var felld með 4 : 1 atkv. Hins vegar var samþykkt með 4 samhlj. atkv. að afturkalla umrædd leyfi frá og með 1. júlí n.k. ...“ Á fundi borgarstjórnar sama dag var ályktun borgarráðs samþykkt með 9 : 1 atkvæði. Einn borgarfulltrúi, Guðjón Sigurðsson, bar fram tillögu um, að borgarstjórn léti fram fara skoðanakönnun meðal kosningabærra borgara Reykjavíkur um það, hvað þeir teldu heppilegastan afgreiðslutíma verzlana og borgarstjórn ákvæði síðan afgreiðslutíma í Reykjavík eftir niðurstöðum þeirrar skoðanakönnunar. Var tillögu þessari vísað til sérstakrar nefndar.

Verzluninni Örnólfi, Snorrabraut 48, Reykjavík, var hinn 21. maí 1965 sent svohljóðandi bréf: „Samkvæmt ályktun borgarstjórnarinnar 6. maí s.l. afturkallast hér með bráðabirgðaleyfi, sem yður var veitt til kvöldverzlunar að Snorrabraut 48, frá og með 1. júlí n.k. Ofgreitt leyfisgjald verður yður endurgreitt.“ Bréfið undirritað: Geir Hallgrímsson, borgarstjóri. Ákærði mótmælti ákvörðuninni með bréfi, dags. 4. júní 1965, þar sem Verzlunin

Örnólfur hefði aldrei fengið kvöldsöluleyfi á þeim stað, sem tilgreindur væri í bréfinu, en fyrir kvöldsöluleyfi að Njálsgötu 86 hefði verið greitt „án fyrirvara til 28. febrúar 1966, enda allur rekstur fyrirtækisins miðaður við keyptan rétt til þess tíma.“ Rétt er að geta þess, að verzlunin er sums staðar, t. d. í símaskrá, talin að Snorrabraut 48, enda aðrar verzlunardyrnar að þeirri götu. Borgaryfirvöld rituðu verzluninni bréf að nýju hinn 5. júlí 1965, og er það efnislega samhljóða bréfinu frá 21. maí 1965 að öðru leyti en því, að leyfi til kvöldverzlunar að Njálsgötu 86 er afturkallað frá og með 5. júlí 1965. Bréfi þessu mótmælti ákærði samdægurs með bréfi til borgarstjórnar. Loks hefur ákærði hinn 11 október 1965 skrifað borgarstjórn svohljóðandi bréf: „Þar sem ég er af eðlilegum ástæðum ekki í Kaupmannasamtökunum, leyfi ég mér að tilkynna ykkur, að verzlun mín mun taka þátt í skiptiverzlun þeirri, er þið hafið leyft. Verzlanir kaupmannasamtakanna fara nú brátt að byrja sína fjórðu opnunarviku. Með hliðsjón af því og bréfi yðar, dags. 4. september 1964, tilkynni ég borgarstjórn hér með, að ég mun hafa verzlun mína opna á kvöldin í Nóvembermánuði næstkomandi á sama tíma og verzlanir kaupmannasamtakanna. Ég vona, að þið virðið minn tvöfalda rétt til þessarar opunar, enda mun ég leggja sérstaka áherzlu á, að fólk geti fengið greiðan aðgang að nauðsynjavörum þeim, er ég hef á boðstólum, samanber 3. gr. samþykktar um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík.“

Lögð hefur verið fram í málinu greiðslukvittun borgarsjóðs Reykjavíkur nr. 271, þar sem fyrirvaralaust er kvittað fyrir „Kvöldsöluleyfi 1/3 '65—28/2 '66 kr. 10.000. . .“ Verzlunarinnar Örnólfs, Njálsgötu 86. Borgarlögmaður hefur í bréfi til dómsins, dags. 28. desember 1965, talið, að viðtaka gjalds fyrir tímabilið til 28. febrúar 1966 byggðist á misskilningi hlutaðeigandi starfsmanns borgargjaldkera, sem ekki hefði verið kunnugt um gang mála. Í því sambandi er rétt að taka fram, að greiðsla gjaldsins fer fram hinn 25. janúar 1965, en borgarstjórn samþykkir ekki að afturkalla leyfi ákærða fyrr en 6. maí sama ár. Í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 17/1936 segir, að stjórnarráðið skuli ákveða hæfilegt árgjald samkvæmt uppástungu bæjarstjórnar fyrir eitt ár í senn og renni það í bæjarsjóð. Í samþykkt nr. 151/1964 er áskilnaður um greiðslu gjalds skv. 11. gr. samþykktar nr. 240/1963, en í þeirri grein segir, að greiða skuli gjald í borgarsjóð „kr. 10.000.00 á ári, er greiðist fyrirfram fyrir hálf t. ári í senn.“ Ákvæði þetta eitt sér um vissan greiðslumáta verður

ekki skýrt á þá lund, að lengri fyrirframgreiðsla til réttis aðilja geti ekki haft ákveðna réttarvirkni.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 17/1936 geta bæjarstjórnir og hreppsnefndir gert samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum og kauptúnum, en stjórnarráðið þarf að samþykkja þær og staðfesta, og það ákveður, hvenær þær skuli koma til framkvæmda, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr. s. 1. Birta skal slíkar samþykktir í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 4. mgr. 3. gr. s. 1.

Með stoð í lögum nr. 17/1936 gildir nú, að því er Reykjavík varðar, samþykkt nr. 240 frá 6. desember 1963 um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl. Breytingar á samþykkt þessari hafa verið gerðar með auglýsingu nr. 15 frá 31. janúar 1964 og samþykkt nr. 151 frá 28. júlí 1964. Í ákærum máls þessa er vitnað til samþykktar nr. 240/1963 og einnig til auglýsingar nr. 15/1964, enda þótt sú auglýsing sé í sjálfri sér málinu óviðkomandi. Hins vegar er samþykktar nr. 151/1964 ekki getið, þrátt fyrir að hún varði málið mjög, m. a. hefur borgarlögmaðurinn í Reykjavík, Páll Líndal, í bréfi til dómsins, dags. 28. desember 1965, talið, að með áðurnefndri leyfisveitingu borgarstjórnar til Verzlunarinnar Örnólfs hinn 3. september 1964 væri átt við sölustarfsemi samkvæmt 1. mgr. ákvæða til bráðabirgða í samþykkt nr. 151/1964. Skylt er að taka fram í þessu sambandi, að samþykktin, sem prentuð er í B-deild Stjórnartíðinda 1964, bls. 282—283, er hvorki nefnd í efnisyfirliti né registri. Ákvæðum samþykktar nr. 151/1964 hefur ekki verið breytt né þau afnumin, og sjálf marka ákvæðin sér ekki ákveðinn gildistíma. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 17/1936 heldur samþykkt gildi sínu 10 ár í senn, nema breytt sé eða afnumin áður.

Í sakamáli gegn ákærða getur samþykkt nr. 151/1964 samkvæmt framansögðu ekki komið til álita, að svo miklu leyti sem ákvæði hennar kynnu að verða skýrð ákærða í óhag.

Í bréfi Páls Líndals borgarlögmanns til dómsins, dags. 28. desember 1964, segir m. a.: „... Þar sem leyfisveitingar þær, er um ræðir í fundargerð borgarráðs frá 17. ágúst 1964, byggðust á tímabundnu ástandi, var að sjálfsögðu gengið út frá því, að þær væru til bráðabirgða, enda afturkallaðar jafnskjótt sem það ástand var breytt. Sýnt var, að unnt mundi að koma á þeirri skipan („skiptiverzlun“), sem gert var ráð fyrir í 3. gr. samþykktar nr. 240/1963. Af hálfu Kaupmannasamtaka Íslands og Kaupfélags Reykjavíkur var því þó lýst yfir, að forsenda þess, að skiptiverzlun yrði upp tekin, að öll bráðabirgðaleyfi væru

afturkölluð (sic). — Hinn 1. des. s.l. féll úr gildi samkomulag það, sem Kaupmannasamtökin og Kaupfélag Reykjavíkur höfðu gert við Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, og er nú unnið að samningu (sic) milli þessara aðila. Eru því engin leyfi nú í gildi, skv. 3. gr. ...“.

Lög nr. 17/1936 reisa borgarstjórn Reykjavíkur engar skorður við því, hverjum verzlunum hún geti veitt leyfi til að inna af höndum sölubjónustu utan venjulegs afgreiðslutíma sams konar verzlana, en skv. 3. gr. laganna ber Stjórnarráðinu að sjá um, að ákvæði í samþykktum gangi ekki of nærri rétti manna eða atvinnufrelsi eða brjóti í bág við almennar grundvallarreglur laga.

Í 3. gr. samþykktar nr. 240/1963 segir, að „borgarráð“ geti heimilað tilteknum fjölda verzlana að hafa opið til klukkan 2200 alla daga nema vissa, tiltekna helgi- og hátíðisdaga. Í greininni segir enn fremur að stefna skuli að því, að íbúar í skipulögðum íbúðahverfum borgarinnar geti náð til verzlunar, þar sem á boðstólum sé sæmilegt úrval helztu nauðsynjavara, enda sé verzlunin ekki óhæfilega langt frá heimilum þeirra. Við það skal miðað, að verzlanið í borginni hafi sem jafnastan rétt til þessarar verzlunarþjónustu, þó innan þeirra marka, sem heildarskipan þessara mála setur. Borgarráð skal, áður en heimild er veitt, leita tillagna vissra, nafngreindra aðilja og gefa öðrum nafngreindum aðiljum kost á að láta í ljós álit sitt um tillögurnar. Sýnt er af greininni, að borgarráð er óbundið af tillögum og álitum þessara aðilja. Greinin gerir þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 2. gr. laga nr. 17/1936 ekki ráð fyrir greiðslu árlegs leyfisgjalds. Í bráðabirgðaákvæði samþykktar nr. 151/1964 um breytingu á samþykkt nr. 240/1963 segir, að borgarráð geti heimilað verzlunum, sem hafi til sölu sæmilegt úrval helztu nauðsynjavara, að hafa opið með þeim hætti, sem um ræðir í 1. mgr. 3. gr. Áður en slíkt leyfi er veitt, skal leita umsagnar heilbrigðisnefndar og lögreglustjóra, og ekki má veita leyfi, nema meðmæli þeirra komi til. Um framkvæmd að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum samþykktarinnar, eftir því sem við getur átt. Enda þótt borgarráði sé í ákvæðum þessum heimilaðar leyfisveitingar þrátt fyrir ákvæði 1. gr. 1. nr. 17/1936, getur valdþurrð ekki komið til álita, þar sem borgarstjórn hefur samþykkt veitingu og afturköllun kvöldsöluleysis þess, sem mál þetta snýst um.

Í 3. mgr. 11. gr. samþykktar nr. 240/1963 segir, að brjóti leyfis-hafi samþykktina eða skilyrði, sem borgarráð, heilbrigðisnefnd

eða lögreglustjóri setja fyrir leyfi, eða rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi, megi borgarráð svipta leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Borgarlögmaður hefur lýst yfir því, að honum vitanlega hafi ákærði ekki brotið gegn ákvæðum þessum, enda afturköllunin ekki verið byggð á því.

Í 5. mgr. 1. gr. samþykktar nr. 240/1963 er ákvæði um, að rísi ágreiningur um skilning á ákvæðum samþykktarinnar, skuli borgarstjórn, að fenginni umsögn lögreglustjóra, úrskurða um hann, en þeim úrskurði megi skjóta til ráðherra og sé úrskurður hans endanlegur. Ákvæði þetta getur engin áhrif haft í máli þessu, sbr. 12. gr. samþykktarinnar og 3. gr. i. f. laga nr. 17/1936.

Ákærða hefur verið veitt kvöldsöluleyfi af réttum valdhöfum á lögskipaðan hátt. Hann hefur greitt allhátt leyfisgjald til eins árs og kveðst hafa miðað verzlunarrekstur sinn við, að leyfið héldist þann tíma. Ekkert er fram komið um, að ákærði hafi nýtt leyfið á þann hátt, að við lög varði. Borgarlögmaðurinn í Reykjavík hefur skýrt dóminum svo frá, að „skiptiverzlun“ sú, sem var ákvörðunarástæða til afturköllunar á leyfi ákærða, hafi fallið niður hinn 1. desember 1965, og mun því nú raunverulegt ástand í kvöldsölumálum Reykjavíkur vera hið sama og þá, er leyfið var veitt.

Þegar framantalin atriði eru virt og með hliðsjón af málsatvikum í heild, verður litið svo á, að ákærða hafi verið heimil sölustarfsemi sú, sem í ákærum greinir. Ber því að sýkna hann af brotum gegn 2. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr., sbr. 12. gr. samþykktar nr. 240/1963, sbr. auglýsingu nr. 15/1964, sbr. lög nr. 17/1936.

II.

Ákærði er í ákæruskjali, dagsettu 22. nóvember 1965, sérstaklega ákærður fyrir að hafa „þriðjudaginn 9. nóvember, miðvikudaginn 10. nóvember og fimmtudaginn 11. nóvember, opnað verzlunina aftur til almennrar sölustarfsemi milli kl. 1800 og 2100, eftir að lögreglumenn höfðu lokað verzluninni“ sem og að hafa „haldið áfram almennri sölustarfsemi“ frá klukkan 1930 til klukkan 2100 þriðjudaginn 16. nóvember 1965.

Ákærði mundi ekki, þá er hann var yfirheyrður í dómi, að greina frá sölutímum nefnda daga að undanskildum þriðjudeginum 16. nóvember, en þann dag kvaðst hann hafa verzlað, svo sem í ákæru greinir. Samkvæmt lögregluskýrslum og vættum lögreglumanna mun ákærði hafa opnað verzlunina aftur, eftir að lög-

reglan hafði lokað henni hinn 10. og 11. nóvember, en hins vegar ekki hinn 9. nóvember.

Þar sem ekki er vitnað til sérstakra refsiviðurlaga, sem ákærði er talinn hafa brotið með nefndri háttsemi, kemur ákæruliður þessi ekki til frekari úrlausnar.

III.

Þriðjudaginn 16. nóvember 1965 á milli klukkan 1900 og 2000 innsiglaði lögreglan báðar dyr Verzlunarinnar Örnólfs, og miðvikudaginn 15. desember s. á. klukkan um 2125 voru verzlunardyrnar á horni Snorrabrautar og Njálsgötu innsiglaðar. Lögreglumenn komu að verzluninni hinn 17. nóvember klukkan um 0745, og höfðu innsigli þá verið rofin, og klukkan um 2135 hinn 15. desember komst lögreglan að raun um, að ákærði hafði brotið innsigli.

Ákærði hefur jatað að hafa rofið innsiglin greind skipti, litlu eftir að lögreglumenn höfðu sett þau á. Ákærði kvaðst ekki hafa gert sér ljóst, að hann hefði með þessu verið að fremja réttarbrot, þar sem hann taldi sig hafa fullan rétt til verzlunar samkvæmt keyptu leyfi. Hann kvaðst hafa mótmælt innsiglun og tjáð lögreglumönnum, að hann mundi rjúfa það, er þeir væru farnir. Fram er komið í málinu, að verzlunin hefur oftari verið innsigluð, án þess að innsigli væri þá rofið.

Tæknideild rannsóknarlögreglunnar hefur gefið skýrslu um húsakynni Verzlunarinnar Örnólfs. Segir þar m. a.: „... Önnur verzlunin er kvöldsala, og er inngangur í hana frá horni Njálsgötu og Snorrabrautar. Verzlun þessi er á jarðhæð hússins og engar aðrar inngöngudyr fyrir viðskiptavinum eru í hana, en gengt er fyrir starfsfólk milli hennar og nýlenduvöruverzlunar um dyr innan afgr.borðs. Inn í nýlenduvöruverzlunina er gengið frá Snorrabraut. Einnig þessi verzlun er á jarðhæð hússins, um annan inngang fyrir viðskiptavinum er ekki að ræða. Úr nýlenduvöruverzluninni er gengt í kjallara beggja húsanna, Snorrabraut 48 og Njálsgötu 86, en þar er vörulager fyrir báðar verzlunirnar. Úr vörulagernum í kjallara Snorrabrautar 48 eru dyr út í stigagang hússins, en um þær er ekki hægt að ganga, þar sem vörum hefur verið hlaðið fyrir hurðina. Úr vörulager í kjallara Njálsgötu 86 er hægt að komast út í ytri gang hússins um dyr og þaðan út á Njálsgötu. Hurðin er læst með smekklási. Einnig er renniloka að innanverðu fyrir dyrunum ...“.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekki haft lykla að

útgöngudyrum í kjallara. Væru báðar verzlunardyr innsiglaðar, hefði hann engan aðgang að verzluninni og gæti ekki tekið þar til o. þ. h. að loknum starfsdegi. Hann kvaðst því hafa leitað á náðir Ólafs Jónssonar, aðalfulltrúa lögreglustjóra, og eftir það hefðu dyrnar að Snorrabraut ekki verið innsiglaðar. Ólafur Jónsson hefur í bréfi til dómsins staðfest þetta, og segir þar m. a.: „... Þegar innsiglun á búðardyrum verzlunarinnar Örnólfur fór fram, þótti lögreglumönnum, sem hana framkvæmdu, nauðsynlegt að innsigla báðar áðurgreindar dyr, svo að viðskitamenntæmst ekki inn um dyrnar milli verzlunanna. Þar sem kaupmaðurinn taldi innsiglun á dyrunum við Snorrabraut mjög óþægilega fyrir starfsfólkið og myndi valda miklu tjóni í sambandi við flutninga á vörum að og frá þeirri verzlun, var fallist á að svo stöddu að innsigla ekki þá hurð, enda loforð kaupmannsins fyrir því, að hann myndi ekki hleypa neinum viðskiptavinum þar inn eftir lögboðinn lokunartíma.“

Ekki er fram komið í málinu, að í verzlunardeild þeirri, sem einasta snýr að Snorrabraut, hafi átt sér stað sölustarfsemi utan venjulegs afgreiðslutíma.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerzt sekur um innsiglisrof, svo sem rakið er í ákærum. Varðar sú háttsemi við 1. mgr. 113. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til framburðar ákærða og málsatvika í heild þykir rétt samkvæmt 3. tl. 74. gr. sömu laga að ákveða, að refsing hans skuli niður falla.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði hefur í skriflegri vörn sinni farið ósæmilegum orðum um lögreglustjórinn í Reykjavík, Sigurjón Sigurðsson, og ber að víta það.

Dómsorð:

Refsing ákærða, Sigurjóns Sigurðssonar, skal niður falla. Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.